

1. Fundargerð – Aukastjórnarfundur FÍN vegna kjarasamninga, 3. apríl 2023 kl. 11:15-12:45, Teams-fundur

Mætt voru: Benóný Jónsson, Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Björg Helgadóttir, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava Svanborg Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestir: Orri Þrastarson, verkefnastjóri FÍN og Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Fundargerð:

Formaður setti fund kl. 11:15

1. Kjarasamningur við ríkið

MHH fór yfir lokadrög að skammtímakjarasamningi FÍN við ríkið. MHH, f.h. samninganefndar FÍN, óskaði eftir heimild stjórnar til að skrifa undir fyrirbyggjandi kjarasamning fyrir hönd stjórnar.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða. (14 atkv.)

2. Kjarasamningur við Reykjavíkurborg

MHH fór yfir lokadrög að skammtímakjarasamningi FÍN við Reykjavíkurborg. Samningurinn er að flestu leyti samhljóða samningi FÍN við Ríkið.

Afgreiðsla: Samþykkt að samninganefnd haldi sínu striki og skrifi ekki undir samninginn að svo komnu máli.

3. Kjarasamningur við samband íslenskra sveitarfélaga.

MHH lagði til að umræðum um kjarasamning FÍN við SNS verði frestað þar til eftir páska, en að hún muni halda stjórn upplýstri um gang mála.

Afgreiðsla: Samþykkt

4. Önnur mál.

MHH mun boða til aukastjórnarfundar um gang kjarasamningsviðræðna strax eftir páska.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:20.